

## Samstarfssamningur Háskólans á Akureyri og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um kennslu og rannsóknir

### 1. Inngangur

#### 1.1. Aðilar

Aðilar samnings þessa eru Háskólinn á Akureyri (HA) og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR).

#### 1.2. Staðfesting og gildistími

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu og undirritun rektors HA og forstöðumanns GRR. Samningurinn er gerður til fimm ára. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum.

### 2. Markmið

Tilgangurinn með gerð samningsins er að efla samstarf Háskólans á Akureyri og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins með það fyrir augum að nýta sem best sérþekkingu, efnivið og aðstöðu sem stofnanirnar búa yfir. Markmið samningsins er einkum að:

- A. Auðvelda gagnkvæman aðgang að sérþekkingu.
- B. Stuðla að framgangi vísindarannsókna.
- C. Styrkja nýliðun og efla kunnáttu fagfólks í starfi með fötluðum börnum og unglíngum og fjölskyldum þeirra.

Hlutverk Háskólans á Akureyri er m.a. að:

- A. Veita nemendum tækifæri til menntunar í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi.
- B. Skapa fræðimönnum sínum umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar sem stuðlar að vexti og framþróun íslensks samfélags.
- C. Rækta gagnvirk tengsl við atvinnulífið.
- D. Taka þátt í þróun greiningar- og ráðgjafarstarfs.

Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er m.a. að:

- A. Annast greiningu barna og unglínga með alvarlega þroskaröskun eða fötlun.
- B. Veita faglega aðstoð og ráðgjöf til barna, aðstandenda þeirra og samstarfsaðila.

- C. Veita börnum og unglingum með óvenju flókna eða sjaldgæfa fötlun langtímaeftirfylgd.
- D. Stunda rannsóknir og taka þátt í alþjóðastarfi á sviði fatlana.

Samningur þessi gildir um samskipti og samvinnu HA og GRR um kennslu, rannsóknir og þjálfun í þeim greinum heilbrigðis-, hug- og félagsvísinda sem kenndar eru við HA og stundaðar eru innan GRR. Samningurinn tekur einnig til samvinnu um þróun þeirrar þjónustu sem veitt er á fagsviðum greiningar og ráðgjafar, þar á meðal endurmenntunar starfsfólks.

### 3. Starfsmannamál

#### 3.1. Leiðsögn og kennsla í vettvangsnámi/klínísku námi

Háskóladeildir og einstakir kennarar geta, að fengnu samþykki forstöðumanns Greiningarstöðvar, leitað til starfsmanna GRR um leiðbeiningu nemenda í vettvangsnámi/klínísku námi á stofnuninni. Umsjónarmaður viðkomandi námskeiðs innan HA ber faglega ábyrgð á heildarskipulagi kennslunnar og námsmati en leiðsögn og kennsla nemenda í vettvangsnámi/klínísku námi er bæði á ábyrgð viðkomandi starfsmanns innan GRR og umsjónarmanns námskeiðsins við HA.

#### 3.2. Leiðsögn og kennsla í rannsóknartengdu og bóklegu námi

HA og GRR starfa saman að því að skapa vettvang fyrir rannsóknartengt nám. Námið skal vera undir yfirumsjón og á ábyrgð kennara við HA en í samstarfi við starfsmenn GRR. GRR getur nýtt sér vinnuframlag nemenda/kennara og niðurstöður rannsóknarvinnunnar samkvæmt sérstöku samkomulagi hverju sinni. Semja skal sérstaklega um eignarhald á þeim gögnum sem verða til við rannsóknartengt nám. HA getur leitað til starfsmanna GRR um kennslu í námskeiðum sem tengjast þeirra sérsviðum.

#### 3.3. Endurmenntun starfsmanna GRR

HA og GRR munu á grundvelli samnings þessa taka þátt í endurmenntun háskólamenntaðra starfsmanna GRR með því að veita þeim eftir föngum aðgengi að námskeiðum innan fræðasviða HA.

#### 3.4. Akadémískar nafnbætur

Starfsfólk GRR getur sótt um mat á hæfi til að gegna akademísku starfi við HA í samræmi við reglur Háskólans á Akureyri um akademísk gestastörf (dags. 27. júní 2011). Einstaklingar sem valdir eru til að gegna akademískum gestastörfum skulu ótvírætt uppfylla sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir innan Háskólans á Akureyri

### 4. Fræðasvið og fræðigreinar

Samstarf um vettvangsnám/klínískt nám og önnur atriði þessa samnings fer fram á grundvelli einstakra fræðasviða innan HA. Búast má við að samstarf HA og GRR tengist einkum menntun og þjálfun nemenda í heilbrigðisvísindum og hug- og félagsvísindagreinum en

samningur þessi nær einnig til samstarfs um kennslu og rannsóknir tengdar öðrum fræðigreinum HA ef svo ber undir.

## 5. Nemendur

Áður en nemandi hefur vettvangsnám/klínískt nám eða rannsóknir við GRR þarf að kynna fyrir honum sameiginlega skilmála HA og GRR sem gilda um þátttöku hans í starfi stöðvarinnar, meðal annars er varða trúnað og þagnarskyldu.

## 6. Rekstur og fjárhagsleg samskipti

Fjárhagsleg samskipti um þau störf og verkefni sem samningurinn nær til miða að því að ekki verði um sérstakar greiðslur að ræða á milli stofnananna. Hins vegar er gert ráð fyrir að starfsmaður sem ber ábyrgð á framkvæmd og umsjón verkefnis fái greiðslur í samræmi við starfsreglur HA.


## 7. Vísindarannsóknir og þróunarverkefni

Aðilar munu vinna að sameiginlegri stefnumótun um vísindi og rannsóknarstörf sem tengjast markmiðum þessa samnings. Í þágu rannsóknarfrelsis skal eftir föngum tryggja greiðan aðgang að rannsóknarviðfangsefnum og heilsufarsupplýsingum í þágu skilgreindra rannsóknarverkefna starfsmanna HA og GRR.


Við rannsóknir og verkefni samkvæmt starfssamningi þessum skal gæta ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000 með síðari breytingum og fyrirmæla Persónuverndar og stjórnar Persónuverndar. Enn fremur skal gæta ákvæða reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, nr. 552/1999 með síðari breytingum, og fyrirmæla Vísindasiðanefndar.

Þá munu samningsaðilar leitast við að efla rannsóknarsamstarf við aðra aðila innan og utan lands.

12. september 2013



Stefán B. Sigurðsson  
rektor HA



Stefán J. Hreiðarsson  
forstöðumaður GRR